



Fréttabréf Naustaskóla

5. tölublað, 9. árgangur, 1. maí 2016

Ábyrgðarmaður: Ágúst Jakobsson

Námsaðlögun • Athvarf • Umhyggja • Samvinna • Táp og fjör • Allir með!

Vorskóli - skólabyrjun í haust

Mánudaginn 23. maí nk. kl. 17:00 bjóðum við verðandi nemendum í 1. bekk og foreldrum þeirra á stutta kynningu í skólanum. Þar munu nemendur hitta verðandi kennara sína og foreldrar fá kynningu á skólanum hjá stjórnendum. Skóli verður settur að loknu sumarleyfi þann 22. ágúst.

Kæra skólasamfélag

Þá er komið að endaspjettinum þetta skólaárið og aðeins fimm vikur þar til brestur á með sumarfríi. Undirbúningur næsta skólaárs potast áfram þó ekki sé búið að hnýta alla lausa enda. Skipan kennsluteyma næsta vetrar liggur orðið að mestu fyrir en verður formlega kynnt í næsta fréttabréfi sem kemur út eftir miðjan maí.

Annars er bara fátt og gott að fréttu úr skólanum, dagskráin í maí inniheldur fasta liði eins og venjulega s.s. skólabúðaferð 4. bekkjar, útskriftarferð 10. bekkjar, frjálsíþróttamat miðstigsnemenda, vorþemadaga, vorhátíðina okkar o.sfrv.

Frá og með mánaðamótum hverfur undirritaður að mestu til annarra starfa en kem öðru hvoru og sinni ákveðnum verkefnum fram á sumarið, deildarstjórar munu hins vegar annast úrvinnslu daglegra viðfangsefna það sem eftir lifir skólaársins. Umsóknarfrestur um stöðu skólastjóra Naustaskóla rennur út 8. maí nk. og ættu þau mál því að skýrast um miðjan mánuðinn.

Með von um gott og hlýtt vor og árangursríkan endaspjett skólaársins 2015-16.

Ágúst Jakobsson, skólastjóri

Starfið á yngsta stig Naustaskóla

Yngri deildir Naustaskóla eru saman á einu svæði á neðri hæð skólahússins.

Í 1. bekk eru 38 börn, þeim kenna tveir umsjónarkennarar, einn þroskaþjálfari og tveir stuðningsfulltrúar. Umsjónarhóparnir eru tveir og sjá framangreindir um alla kennslu nema sund, íþróttir og tónmennt. Lögð hefur verið áhersla á athafnamiðað nám í vetur, börnin fá tækifæri til að hreyfa sig um svæðið og fara á mismunandi stöðvar með fjölbreyttum viðfangsefnum. Umsjónarhópunum er blandað saman í kennslunni og þeim er síðan skipt í minni hópabæði í stærðfræði og íslensku, til að mæta ólíkum þörfum þeirra í náminu. Mesta áherslan er lögð á lestrarnámið með fjölbreyttum aðferðum Byrjendalæsis og er þáttum úr samfélagsfræði og lífsleikni fléttað inn í verkefni. Þessa dagana eru börnin m.a. að vinna í þema um húsdýrin, þar sem unnið er með hugtök tengd sveitinni og húsdýrum. Á dögum var farin vettvangsferð í Norðlenska til þess að kynna sér hvað þar er búið til. Hver morgunn byrjar á því að umsjónarkennarar fara yfir daginn og setja upp sjónræna stundatöflu og syngja lög með börnunum sem oft tengjast þemum og viðfangsefnum hverju sinni. Á þriðjudögum er síðan sameiginleg samverustund með 2.-3. bekk þar sem 1. bekkingar hafa verið duglegir að fara á svið og skemmta sér og öðrum. Mikið samstarf er við elstu leikskóladeildir Naustatjarnar og reglulega boðið upp á sameiginlegt val og nemendaskipti, þar sem nemendur 1. bekkjar fá að vera inn á leikskóladeild og nemendur leikskólans fá að prufa að vera nemendur í 1. bekk. Á næstu dögum er búið að skipuleggja sameiginlegt þema elstu nemenda Naustatjarnar og 1. bekkinga um húsdýrin.

Á svæði 2.-3. bekkjar eru 98 börn, þeim kenna fimm umsjónarkennarar, einn stoðkennari og þrjú stuðningsfulltrúar. Hver morgunn hefst á því að umsjónarkennarar hitta sinn umsjónarhóp og fara yfir daginn sem framundan er, bæði munnlega og með sjónrænni stundatöflu. Yfir daginn skiptast börnin svo í mismunandi vinnuhópa t.d. í stærðfræði þar sem lögð er áhersla á að mæta mismunandi þörfum þeirra í náminu og á einstaklingsmiðað nám. Börnin vinna að sínum markmiðum í stærðfræði og færast upp á næsta þrep þegar þeim markmiðum hefur verið náð. Íslenskan er kennd með aðferðum Byrjendalæsis og unnið er á stöðvum þar sem verkefni eru mismunandi og einnig í hringekjum tvisvar í viku þar sem börnin eru stutt á hverri stöð og færast á milli stöðva. Þessa dagana er verið að vinna í þema sem heitir „Fjöll og grennd“ en í þessu verkefni er verið að samþætta íslensku og samfélagsfræði. Lögð er áhersla á að nemendur kynnist Eyjafirði og fjöllum í kring. Þau lesa fræðitexta um Eyjafjörð, teikna myndir, skrifa um hvað þau vita um fjörðinn og búa til sitt eigið umhverfi og fjöll með kaplakubbum, syngja og vinna önnur fjölbreytt verkefni. Á svæðinu sínu hafa þau aðgang að fræðibókum með myndum um fjöll, eldfjöll og Eyjafjörð sem þau hafa tækifæri til að lesa og skoða. Eins og 1. bekkur þá skiptast krakkarnir á að koma fram með atriði á samverustund, þar hafa þau sungið, verið í hljómsveit og flutt stutta texta sem oft tengist þemavinnunni í íslensku hverju sinni, en markmiðið er að kenna þeim að koma fram fyrir áhorfendur. Starfið á yngsta stigi skólans einkennist því af fjölbreyttri og metnaðarfullri vinnu þar sem lögð er áhersla á að koma til móts við hvern og einn nemanda og leggja grunn að félagsfærni og frekara námi.

Eins og jafnan á vorin auglýsir skólanefnd eftir tilnefningum til viðurkenninga vegna nemenda, starfsmanna eða verkefna sem þykja vera til fyrirmyndar. Allir geta tilnefnt og er frestur til að skila inn tilnefningum til 10. maí næstkomandi. Á heimasíðu skóladeildar má finna frekari upplýsingar um viðurkenningu skólanefndar en slóðin er:

<http://www.akureyri.is/skoladeild/vidurkenning-skolaneftdar-2015>





Naustaskóli við Hólmatún, 600 Akureyri

www.naustaskoli.is - naustaskoli@akureyri.is - Sími 460-4100 - Frístund sími 460-4111

Maí 2016

Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
	<p>2. Fiskur Björkeby, kartöflur, gúrka og pipardressing. Ávextir.</p> <p>4. bekkur fer í skólalabúðir</p>	<p>3. Soðið slátur, kartöflur, rófur og jafningur. Ávextir.</p> <p>Opið hús 8-10b</p>	<p>4. Fiskibollur, hrísgrjón, salatbar, karrýsósá og paprika. Ávextir. .</p> <p>4. bekkur kemur aftur úr skólalabúðiferð</p>	<p>5. Uppstigningardagur. FRÍ</p>	<p>6. Hrísgrjónagrautur, salatbar og slátur. Ávextir.</p>	7.,
8.	<p>9. Svikkinn héri, kartöflur, salat og brún sósá. Ávextir.</p>	<p>10. Ofnbökuð bleikja, hrísgrjón, salatbar og graslauksdressing. Ávextir.</p> <p>Frjálsíþróttamót 4.b. Opið hús 8-10b</p>	<p>11. Steikt lambakjöt, kartöflur, soðið grænmeti og lauksósá. Ávextir.</p> <p>Frjálsíþróttamót 5.b</p>	<p>12. Fiskipottréttur, hrísgrjón og gúrka. Ávextir.</p> <p>Frjálsíþróttamót 6.b.</p>	<p>13. Kartöflusúpa, brauð og salatbar. Ávextir.</p> <p>Frjálsíþróttamót 7.b.</p>	14.
15.	<p>16. Annar í hvítasunnu FRÍ</p>	<p>17. Íslensk kjötsúpa og salatbar. Ávextir.</p> <p>Opið hús 8-10b</p>	<p>18. Grænmetisbuff, hrísgrjón, rjúmaostasósá og gúrka. Ávextir.</p>	<p>19. Fiskbúðingur, kartöflur, salatbar og heit tómatsósá. Ávextir.</p>	<p>20. Austurlenskur nautapottréttur, hrísgrjón og paprika. Ávextir.</p>	21.
22.	<p>23. Soðinn fiskur, kartöflur, gulrætur og tómatsósá. Ávextir.</p> <p>VORSKÓLI hjá verðandi l.b. kl. 17:00</p>	<p>24. Lasagne, snittubrauð og salat. Ávextir.</p> <p>Opið hús 8-10b</p>	<p>25. Fiskur í raspi, hrísgrjón, salatbar og ananasdressing. Ávextir.</p>	<p>26. Hamborgarar, grænmeti og kartöflubátar. Ávextir.</p>	<p>27. Hrísgrjónagrautur og slátur. Ávextir.</p> <p>Unicef—hreyfingin</p>	28.
29.	<p>30. Mexíkóskur hakkréttur, kartöflustappa og gúrka. Ávextir.</p> <p>VORÞEMA</p>	<p>31. Plokkfiskur, salatbar og rúgbrauð. Ávextir.</p> <p>VORÞEMA Opið hús 8-10b</p>	<p>1. júní Grísasnitset, kartöflur, maísbaukir, sveppasósá og salat. Ávextir.</p>	<p>2. Ofnbakaður fiskur í blaðlaukssósú, hrísgrjón og rifnar gulrætur. Ávextir.</p> <p>VORHÁTÍÐ</p>	<p>3. Blómkaílsúpa, brauð og salatbar. Ávextir.</p> <p>Dagur nýrra námshópa</p>	4.

Vorhátíð skólans og hverfisnefndar verður fimmtudaginn 2. júní og hefst kl. 16:15. Skólaslit vorið 2016 verða mánudaginn 6. júní. Tímasetningar nánar auglýstar síðar.